

27

14. apríl

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

3. gr.

8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hækkun bifreiðaskattsins tekur til þess skatts, sem féll í gjalddaga 1. apríl þ. á.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

28

14. apríl

## L Ö G

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

#### Vörumagnstollur.

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

- a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

#### Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafla 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.

—	10	—	1—7, korn ómalað.
—	11	—	1—12, mjöl og grjón.
—	17	—	1—6, sykur.
—	22	—	6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	—	1—9, tóbak.
—	25	—	10, salt.
—	27	—	1—4, kol.
—	—	—	14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkja-  
samningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum. 28

14. apríl

## 4. gr.

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzín-  
birgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádregnu þegar greiddu aðflutnings-  
gjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum  
eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða  
ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l af benzíni eða meira þann dag,  
er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

## 5. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana sam-  
kvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki  
gert, annaðhvort með því að hanna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta  
verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækk-  
unarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

um vernd barna og ungmenna.

29

9. apríl

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Inngangur.

##### 1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almenn t eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leik-  
skólum, sumardvalarheimilum, fávatahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega  
miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt,  
fötlud, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið  
hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstígum.
6. Vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.